

Nd.

623. Frumvarp til laga

[257. mál]

um skólakostnað.

Flm.: Ingvar Gíslason menntamálaráðherra.

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Lög þessi taka til grunnskóla og forskóla við þá, svo og framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Ákvæði þeirra taka einnig, eftir því sem við á, til framhaldsskóla sem reknir eru af ríkinu einu, sbr. og 37. gr.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

II. KAFLI

Stofnkostnaður

3. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar og endurskoðar hana svo oft er ástæða þykir til.

Árleg framkvæmdaáætlun, er ráðuneytið gerir í sambandi við tillögur til fjárlaga hverju sinni, skal við það miðuð hvar fjárfestingarþörf er brýnust hverju sinni að mati ráðuneytisins.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fylgist með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoðar teikningar og staðfestir þær og lítur eftir að framkvæmd verks sé í samræmi við staðfesta uppdrætti og verklýsingu.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um stærð skólahúsnæðis, frágang þess og búnað og viðmiðunartölur sem fjárframlög ríkisins til bygginga miðast við.

Áður en hönnun er hafin skal gerð áætlun um húsnæðisþörf viðkomandi stofnunar. Skal hún miðuð við framangreindar reglur um stærð húsnæðis og áætlun um nemendafjölda skólans og verksvið. Áætlanir skal miða við væntanlegan nemendafjölda í grunnskóla viðkomandi skólahverfis þegar íbúafjöldi og aldursskipting hans er komin í það horf sem gera má ráð fyrir að haldist til frambúðar.

Áætlun um byggingu framhaldsskóla skal með sama hætti miða við fyrirsjáanlegan fjölda nemenda á því svæði sem skólanum er ætlað að þjóna.

Áætlanir þessar skulu staðfestar af menntamálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélagi áður en hönnun hefst.

5. gr.

Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum og annast annan undirbúning að framkvæmdum eftir því sem nánar skal ákveðið í samningi við hönnuði. Samningur þessi kveði einnig á um verktíma og greiðslur.

Ráðuneytinu skal senda, áður en hönnunarstörf hefjast, afrit af samningi við hönnuði ásamt forsendum fyrir stærð hins fyrirhugaða mannvirkis og gerð, sbr. 4. gr., svo og kostnaðaráætlun.

Óheimilt er að hefja hönnunarstörf fyrir en samþykki ráðuneytis á hönnunarforsendum liggur fyrir.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til hönnunarforsendna skal liggja fyrir samningur eða staðfest skilríki fyrir því að afmörkuð lóð eða landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita ef fyrir hendi er.

6. gr.

Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir fyrir skólamannvirki, sem lög þessi taka til, og greiða byggingaleyfisgjöld og önnur gjöld til sveitarsjóða sem á eru lögð vegna framkvæmdanna.

Sveitarstjórnir annast og bera kostnað af öflun á heitu og köldu vatni, þar á meðal af réttindakaupum vegna jarðvarma og tengingum við fjarvarmaveitur.

Þar sem æskilegt er talið að bora eftir heitu eða köldu vatni, fyrst og fremst til nota fyrir skóla, er heimilt að kosta þá framkvæmd allt að 50% úr ríkissjóði skv. sérsamningi við sveitarfélag sem í hlut á, þ. e. handhafa vatnsréttinda. Verði vatn, sem fæst með slíkri borun, meira en þörf skólans nemur og sé ákveðið að nýta það fyrir aðra en skólann skal ríkissjóði endurgreiddur borunarkostnaður hans með verðbótum í samræmi við lokamálsgrein 8. greinar.

Sé ríkissjóði ekki endurgoldinn borunarkostnaður, sbr. framangreint, skulu reiknaðar tekjur af allri vatnsnotkun og renna þær í ríkissjóð í sama hlutfalli og kostnaðarþátttaka hans var í vatnsöflunarkostnaði. Menntamálaráðuneytið setur reglur um ákvörðun tekna af vatnsnotkun. Ákvæði þessarar málsgreinar taka til skóla þar sem ríkissjóður hefur borið kostnað af borun eftir vatni fyrir gildistöku þessara laga.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði húsrýmis, búnaðar og lóðar skóla í samrekstri ríkis og sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar húsrýmis skal miða við kostnaðaráætlun sem gerð er á grundvelli viðmiðunartalna sem ákveðnar skulu í reglugerð, sbr. 4. gr. Kostnaður við búnað og lóð greiðist skv. áætlun sem fylgir samningi um framkvæmdina og reikningum í samræmi við hana.

Framlag ríkissjóðs skal vera 50% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja heimgöngu- og heimanakstursskóla á grunnskólastigi og samsvarandi húsnæðis heimavistarskóla, en 85% af stofnkostnaði heimavistarhúsnæðis, þ. á m. íbúða fyrir skólastjóra og kennara heimavistarskóla á grunnskólastigi þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um skólarekstur.

Þar sem svo hagar til í dreifbýli, að dómi menntamálaráðuneytisins, að nauðsynlegt sé að sjá kennurum við grunnskóla fyrir húsnæði er ráðuneytinu heimilt að samþykkja kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði er nemi 50%—75%.

Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar skólahúsnæðis fyrir framhaldsskólastig skal vera 60% af áætluðum stofnkostnaði húsnæðis fyrir nemendur á 1. og 2. námsári, en skólahúsnæði fyrir nemendur á 3. og 4. námsári greiðir ríkissjóður að fullu.

Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar verknámsaðstöðu iðngreina og námsbrauta með

sambærilegu verknámi skal vera 80% ef aðstaðan er ætluð fyrir heil fræðsluumdæmi eða hluta þeirra þar sem nemendafjöldi krefst þess.

Í sveitarfélögum, þar sem framhaldsskóli tekur til allra aldursflokka á framhaldsskólastigi, er heimilt að miða hluta ríkissjóðs í stofnkostnaði við ákveðinn hundradshluta í stað sundurgreiningar eftir aldursflokkum. Í því tilfalli skal miða við 70% af öllum stofnkostnaði.

Séu nemendur framhaldsskóla að minna en $\frac{3}{5}$ hlutum úr því eða þeim sveitarfélögum, sem standa að skólarekstrinum og hafi menntamálaráðuneytið staðfest áætlanir um byggingu eða stækkun skóla á þeim forsendum, sbr. 4. gr., skal framlag ríkissjóðs vera herra en að framan greinir sem nemur 0,5% fyrir hvern hundradshluta sem vantar á að nemendur úr rekstrarsveitarfélögunum séu 60% af áætluðum nemendafjölda. Séu framhaldsskólar á vegum sama aðila fleiri en einn skal þetta ákveðið í einu lagi fyrir þá alla.

8. gr.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 7. gr. miðast við allan stofnkostnað húsnæðis, búnaðar og lóðar. Auk beins byggingarkostnaðar telst til stofnkostnaðar húsnæðis allur hönnunar- og undirbúningskostnaður, kostnaður við eftirlit með framkvæmdum, kostnaður við tengingu við almenningsveitur og vegakerfi. Til kostnaðar við búnað teljast kaup á lausum innan-stokksmunum og kennslutækjum með hliðsjón af viðmiðunarskrá sem menntamálaráðuneytið gefur út.

Til kostnaðar við lóðargerð telst girðing lóðar og frágangur hennar, gerð leikvalla og annarra lóðarmannvirkja.

Til stofnkostnaðarframkvæmda skv. lögum þessum teljast viðbætur og meiri háttar endurbætur á eldra skólahúsnæði í samrekstri ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður af framkvæmdum þessum skiptist skv. ákvæðum 7. gr. og skal undirbúningi þeirra hagað með sama hætti og um nýbyggingu væri að ræða.

Kostnaðaráætlun skólamannvirkja, sem framlag ríkissjóðs skv. 7. gr. byggist á, skal miðuð við byggingarkostnað á þeim tíma sem áætlunin er gerð.

Greiðslur ríkissjóðs breytast í hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands og gildir það einnig um kostnað við lóðargerð og stofnbúnað.

9. gr.

Óski sveitarfélag að reisa eða stækka skólamannvirki skal það sækja um það til menntamálaráðuneytisins og láta fylgja umsókn frumathugun á forsendum og byggingarþörf. Samþykki menntamálaráðuneytið umsóknina mælir það með fjárveitingu til framkvæmda við gerð fjárlaga.

Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en veitt hefur verið nægileg framkvæmdafjárveiting í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

10. gr.

Framlög til skólamannvirkja skiptast á tveggja til fjögurra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar eða framkvæmdaáfangar.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs er hverju sinni háð því að framlag viðkomandi sveitar-sjóðs sé greitt og að framvinda byggingarinnar sé með eðlilegum hætti.

Útborgun á greiðsluhluta ríkissjóðs til byggingar á hverjum tíma skal ekki vera hærri en hér greinir miðað við byggingarstig: 10% þegar botnplata er steypt, 40% þegar bygging er fókheld, 75% þegar bygging er tilbúin undir tréverk, 95% þegar bygging er tilbúin til úttektar, 100% þegar skóli er fullbúinn til notkunar.

Hafi sveitarfélag samtímis í smíðum tvö eða fleiri skólamannvirki, er falla undir ákvæði

laga þessara, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt skal árlegu framlagi skipt í fimm jafnar greiðslur sem greiðast 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Menntamálaráðuneytið getur ákveðið að framlög ríkissjóðs og framlög sveitarfélaga verði greidd á sérstakan byggingarreikning í banka eða sparisjóði og að allur kostnaður við byggingarframkvæmdir greiðist af þeim reikningi.

11. gr.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til framkvæmda, sem af einhverjum ástæðum seinkar, er menntamálaráðuneytinu heimilt að lána til að hraða öðrum skólamannvirkjum þannig að nothæfur byggingaráfangi náist. Þá er menntamálaráðuneytinu heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga til þeirra mannvirkja sem fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að ljúka að fullu né ná nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum ríkis og sveitarfélags sem fyrir liggja. Heimilt er ráðuneytinu að lána þessar fjárveitingar með sama hætti og fyrr greinir.

12. gr.

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds og menntamálaráðuneytið samþykkir það tekur ríkissjóður þátt í kaupunum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nýbyggingar yrði greiddur. Áður en kaup fara fram skal viðkomandi fasteign skoðuð og metin sameiginlega af fulltrúum menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórnar.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, sem sveitarfélög reisa ein eða í samvinnu við íþrótt- og ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað skólahúsnæðis væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast skal gerður samningur við eigendur þessara mannvirkja um afnot skólans af mannvirkjunum, stjórn þeirra og framlag ríkissjóðs. Greiðsla á framlagi ríkissjóðs til stofnkostnaðar þessara mannvirkja er háð því að fylgt hafi verið ákvæðum þessara laga um undirbúning og framkvæmdir.

Sá hluti mannvirkja, sem ríkissjóður greiðir framlag til samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

III. KAFLI

Rekstrarkostnaður

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þ. m. t. allan kostnað vegna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu við það miðaðar að unnt sé að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir samkvæmt þeim ákveða. Menntamálaráðuneytið ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu.

Ríkissjóður greiðir, í þeim skólum sem lög þessi taka til, allan launakostnað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, yfirkennara, kennara og annarra þeirra starfsmanna er ríkið ræður til starfa í skólum til kennslu eða undirbúnings hennar, stjórnunar, námsráðgjafar í skólum og til starfa í skólasafni.

Sama gildir um launakostnað starfsmanna er ríkið ræður til starfa við námsmat. Til launakostnaðar telst í þessu sambandi, auk beinna launagreiðslna, allur kostnaður er rekja má til kjarasamninga ríkisins og sérsamninga þess við stéttarfélög eða einstaklinga.

15. gr.

Greiðslur ríkissjóðs á launakostnaði vegna kennslu á grunnskólastigi og ráðningar kennara í hverju skólakerfi skulu að hámarki miðast við eftirfarandi, sbr. þó 17. og 18. grein.

A. Á hverja bekkjardeild skal koma sá stundafjöldi sem viðmiðunarstundaskrá ákveður hverju sinni, enda sé fjöldi nemenda í bekkjardeildum eða námshópum þessi, sbr. lög nr. 63/1974 47. gr.:

Allt að 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir.

Allt að 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír.

Allt að 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Að jafnaði 24 nemendur ef aðeins einn aldursflokkur er í bekkjardeild.

Heimilt er að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að víkja frá þessari meginreglu þar sem fleiri en einn grunnskóli er í sama skólahverfi. Skal þá tekið mið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum sem svarar allt að 2 stundum fyrir hvern nemanda sem umfram er þegar aldursflokkar eru tveir eða fleiri en 1 stund þegar einn aldursflokkur er í bekkjardeild. Þó skal meðaltal í bekkjardeildum hvers einstaks grunnskóla í hverjum aldursflokki fyrir sig ekki fara yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30. Verði gerð breyting á ákvæðum um hámarksfjölda skulu ákvæði um meðaltöl breytast til samræmis.

B. Á hverja bekkjardeild í 3. til 9. bekk, sem skipuð er minnst 15 nemendum, sbr. A-lið, komi að jafnaði þrjár kennslustundir vegna skiptingar bekkja í verklegri kennslu og 1,4 kennslustundir á hverja 17 nemendur í 9. bekk vegna skiptingar í valgreinum.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða stundir til skiptingar bekkjardeilda umfram það sem að framan greinir.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð.

16. gr.

Á framhaldsskólastigi greiðir ríkissjóður allan launakostnað vegna kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við samþykktu kennsluáætlun sem send skal menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní árlega.

Sem meginreglu skal miða við að meðalfjöldi í bekkjum og námshópum sé eigi lægri en 22 í bóklegri kennslu og eigi lægri en 11 í verklegri kennslu. Þó skal tryggt að unnt sé að halda uppi a. m. k. á einum stað á landinu kennslu í löggiltum iðngreinum þrátt fyrir fámenni í námshópum.

Peir skólar, sem víkja frá meðaltali í námshópum skv. þessari grein, þannig að ekki er unnt að halda uppi eðlilegri kennslu með þeim stundafjölda sem til ráðstöfunar er skv. almennri viðmiðun, skulu í framangreindri áætlun gera sérstaka grein fyrir þörf sinni á auknu kennslumagni.

Úrskurður ráðuneytisins um áætlanir skal liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst og skólahald næsta skólaárs við hann miðað.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um ákvörðun kennslumagns, þar á meðal frávik frá almennum reglum fyrir litla skóla, hvernig staðið skuli að gerð kennsluáætlana og staðfestingu þeirra.

17. gr.

Auk kennslukostnaðar skv. 15 og 16. gr. greiðir ríkissjóður viðurkennda sjúkrakennslu, forfallakennslu og sérkennslu nemenda, sbr. 50. gr. og 51. gr. laga nr. 63/1974, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Fræðslustjóri skipuleggur í samráði við skólastjóra stuðnings- og hjálparkennslu í hverju fræðsluumdæmi og hefur til ráðstöfunar í því skyni sem svarar allt að 1 kennslustund á viku á hverja 12 nemendur í grunnskólum umdæmisins.

Um rekstur skólaathvarfa, athvarfsiðju og annarrar áþekkrar starfsemi innan grunnskólans fer skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

18. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað vegna starfa í skólasafni og ræður menntamálaráðuneytið starfsfólk til þeirra.

Árlegt framlag ríkissjóðs til þessara starfa í grunnskóla, sem starfar í 9 mánuði, skal reiknast 3,4 klst. á nemanda til starfa í skólasafni, að viðbættum 40 klst. á hvern skóla á ári.

Um skiptingu milli leiðsagnar og annarra starfa í skólasafni fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og ákvæðum kjarasamninga.

Í framhaldsskólum skal miða ráðningu safnvarðar og aðstoðarfólks við allt að 3 klukkustundir á nemanda á ári að viðbættum 300 klukkustundum þar sem framhaldsskólinn er ekki í tengslum við grunnskóla en nemendur eru minnst 150.

19. gr.

Launakostnað vegna gæslu nemenda í heimavistum greiðir ríkissjóður í samræmi við kjarasamninga eða sérstakt samkomulag hverju sinni.

20. gr.

Sveitarfélög greiða launakostnað starfsfólks í mótuneytum grunnskóla. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum þennan launakostnað vegna grunnskólanema sem eru í heimavist eða daglegum skólaakstri skv. samningum og þeim reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

21. gr.

Kostnaður af fullorðinsfræðslu við framhaldsskóla skv. ákvæðum laga um framhaldsskóla skiptist þannig að rekstraraðilar skólans leggja til húsnæði og bera kostnað af rekstri þess skv. almennum ákvæðum laganna. Kostnaður vegna kennslulauna skiptist að jöfnu milli ríkis, viðkomandi sveitarfélaga og nemenda er greiði sinn hlut sem námskeiðsgjöld.

22. gr.

Um endurgreiðslu ríkissjóðs og framlög hans til annars rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsdeilda, sem tengdar eru grunnskóla, skal fara sem hér segir:

Ríkissjóður greiðir:

- a) Rekstrarframlag vegna nemenda grunnskóla, kr. 6000 á skóla sem grunnframlag að viðbættum kr. 100 á hvern nemanda í 1.—9. bekk og framhaldsdeildum og að auki kr. 1300 á hvern nemanda sem dvelur í heimavist. Framlagi þessu skal m. a. varið til greiðslu á kostnaði vegna félagsstarfa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
- b) Hluta í aksturskostnaði grunnskólanema eða í öðrum kostnaði, sem getur komið í hans stað, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað að þátttaka ríkissjóðs sé allt að 40% í þéttbýli en 80% í dreifbýli.
- c) Leigukostnað vegna kennsluhúsnæðis að hálfu, enda séu húsaleigusamningar staðfestir af menntamálaráðuneytinu ef um leigu til lengri tíma en eins skólaárs er að ræða.
- d) Kostnað af viðhaldi og endurnýjun skólahúsnæðis, heimavista, tækja og búnaðar að hálfu samkvæmt samþykktum reikningum. Viðhaldskostnaður skólastjóra- og kennarabústaða greiðist af sveitarfélögum.
- e) Sú heilsugæsla í skólum, sem ekki er greidd sem hluti almennrar heilsugæslu, endurgreiðist að hálfu.

23. gr.

Árleg framlög og endurgreiðslur ríkissjóðs vegna rekstrarkostnaðar framhaldsskóla skulu vera sem hér segir:

- a) Rekstrarframlag vegna nemenda á 1. og 2. námsári framhaldsskóla kr. 100 á hvern nemanda.
- b) Framlag vegna nemenda á þriðja og síðari námsárum kr. 2400 á hvern nemanda.
- c) Framlag vegna nemenda í heimavist kr. 1300 á hvern nemanda.
- d) Framlag kr. 1300 vegna hvers nemanda í verknámi á skólaverkstæði, enda sé nemandi a. m. k. 20 kennslustundir í verklegu námi á viku.
- e) Heimilt er að ákveða í reglugerð sérstakt rekstrarframlag til skóla utan jarðhitasvæða. Skal það miðað við að hitunarkostnaður á nemanda þar verði eigi hærri en hann er að jafnaði annars staðar.
- f) Endurgreiðsla vegna leigu á kennsluhúsnæði, án ljóss og hita, nemi 70% leigugjalds. Húsaleigusamningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu sé um að ræða leigu til lengri tíma en eins skólaárs.
- g) Endurgreiðsla vegna viðhalds og endurnýjunar skólahúsnæðis og búnaðar nemi 70% kostnaðar samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum.
- h) Heimilt er að endurgreiða að hluta kostnað við skipulagðan akstur framhaldsskólanema utan þéttbýlissvæðis þar sem skólinn er samkv. nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað að endurgreiðsla ríkissjóðs nemi allt að 70% kostnaðar þegar frá hefur verið dregin fjárhæð sem svarar til almennra strætisvagnafargjalda.

24. gr.

Með nemanda er í 22. og 23. gr. átt við þann sem stundar fullt nám í heilt skólaár, minnst 9 mánuði. Sé námstíminn skemmri en 9 mánuðir eða nám ekki fullt skerðast framlögin hlutfallslega. Fullt nám telst að jafnaði 36 vikustundir í framhaldsskóla og í grunnskóla sá stundafjöldi sem í námskrá er ákveðinn fyrir viðkomandi aldursárgang.

25. gr.

Eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 34. gr., endurskoða upphæð framlaga ríkissjóðs með tilliti til þess að þau haldi verðgildi miðað við verðþróun í landinu.

Milli þess sem endurskoðun skv. fyrstu málsgrein fer fram skal rekstrarframlag vegna nemenda í grunnskóla og vegna nemenda á 1. og 2. ári framhaldsskóla, sbr. a-liði 22. og 23. gr., breytast í hlutfalli við almennar launabreytingar en önnur framlög í hlutfalli við vísitölu neysluvöruverðs.

Fjárhæðir, sem tilgreindar eru í 22. gr. og 23. gr., eru miðaðar við verðlag og kaupgjald 1. janúar 1981.

26. gr.

Framlög ríkissjóðs skv. a-lið í 22. gr. og staflíðum a - e í 23. gr. skulu greidd rekstraradila mánaðarlega skv. greiðsluáætlun sem gerð skal í upphafi árs og leiðrétt m. t. t. verðlagsbreytinga, sbr. 25. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs á launakostnaði í mötuneytum grunnskóla og aksturskostnaði grunnskólanema fer fram mánaðarlega skv. samþykktri áætlun.

Endanlegt uppgjör fer fram að loknu reikningsári.

27. gr.

Sæki nemandi á 1. eða 2. námsári framhaldsskólastígs skóla þar sem lögheimilissveitarfélag hans er ekki rekstraraðili skal rekstraraðila skólans greitt jöfnunarframlag sem nemur mismun á framlögum skv. a- og b-liðum 23. gr. með þeim verðlagsbreytingum sem á þeim verða, sbr. 25. gr.

Jöfnunarframlag þetta greiðist úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi hans til lögheimilissveitarfélags nemandans skv. reikningi sem rekstraraðili framvísar í nóvember ár hvert og staðfestur er af menntamálaráðuneytinu. Framlagið skal að fullu greitt fyrir árslok.

28. gr.

Leigutekjur af húsnæði og eignum skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, renna til þeirra.

Þegar skólahúsnæði er lánað utan skólatíma til íþróttta-, æskulýðs- og félagsstarfsemi skulu gjöld fyrir afnot að lágmarki miðuð við að með þeim verði greiddur rekstrarkostnaður húsnæðisins þann tíma sem afnotin vara.

Sveitarstjórnir ákveða leigumála fyrir önnur afnot af skólahúsnæði. Ef um afnot sumarlangt eða til lengri tíma er að ræða skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

29. gr.

Rekstraraðilar skóla gera sundurliðaða áætlun um fyrirhugað viðhald hverrar fasteignar um sig, svo og áætlun um kostnað við endurnýjun og viðhald tækja og búnaðar þeirra skóla er lög þessi taka til, og senda menntamálaráðuneytinu til samþykktar við undirbúning fjárlaga ár hvert. Fallist ráðuneytið ekki á áætlanir þessar eða hluta þeirra skal það senda rekstraraðila (sveitarfélagi) athugasemdir sínar án tafar. Fari kostnaður fram úr samþykktari áætlun án þess að um eðlilegar verðbreytingar sé að ræða getur ráðuneytið neitað eða frestað greiðslu á hluta ríkissjóðs í því sem er umfram áætlunina.

Þar sem því verður við komið skal leita tilboða í viðhaldsverk og getur menntamálaráðuneytið sett það að skilyrði fyrir þátttöku sinni í kostnaði.

IV. KAFLI

Fjármálastjórn og reikningshald

30. gr.

Skólamannvirki þau, er þessi lög taka til, eru eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður var greiddur. Þetta gildir þó ekki um byggingar skv. 13. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum skólanefnda og skólastjóra sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu byggðarlagsins. Slíkt er þó því aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðisins í þágu skóla og nemenda.

Heimilt er að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins að nota skólahúsnæði utan venjulegs skólatíma til gistingar og veitingareksturs.

31. gr.

Sveitarfélög annast reikningshald og fjármál þeirra grunnskóla er lög þessi taka til en geta falið skólanefnd eða sérstökum aðila með samþykki fræðslustjóra að annast þau mál í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar viðkomandi sveitarfélags nema sérstaklega sé um annað samið.

Menntamálaráðuneytið eða aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku bókhaldi og upplýsingum um skólakostnað.

32. gr.

Sveitarstjórnir annast fjármál og rekstur framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af

ríki og sveitarfélögum, sbr. 35. gr., og annast greiðslur aðrar en laun skv. 16. gr. sem greiðast úr ríkissjóði.

Í bókhaldi skal halda rekstri framhaldsskóla að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri sveitarfélags.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa sameiginlega að rekstri framhaldsskóla skulu þessir aðilar ákveða og kosta sameiginlega rekstrar- og fjármálastjórn þessara stofnana, bókhald þeirra og endurskoðun.

Starfi í sama fræðsluumdæmi skólar sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélagi og skólar reknir af ríkinu einu er heimilt með samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga að setja sameiginlega rekstrarstjórn er annist í umboði rekstrar- aðila fjármálastjórn skólanna og hafi umsjón með rekstri þeirra, viðhaldi fasteigna og búnaðar og nýframkvæmdum eftir því sem nánar verður kveðið á um í samningi. Skal þar einnig kveðið á um skiptingu á kostnaði af fjármálastjórninni m. t. t. hvaða skólar falla undir verksvið hennar.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið úrskurðar um hluta ríkissjóðs í rekstri grunnskóla og framhaldsskóla skv. lögum þessum.

Skilagrein með úrskurði ráðuneytisins um kennslulaun og önnur laun sem ríkissjóður greiðir, sbr. 14.—21. gr., svo og framlög og hlut ríkis í rekstrar- og viðhaldsliðum, sbr. 22. og 23. gr., skal send ríkisendurskoðun árlega til staðfestingar. Rekstraraðilar skólanna leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru í þessu sambandi fyrir þann tíma sem ráðuneytið ákveður. Verði vanhöld þar á er heimilt að stöðva greiðslur ríkissjóðs á framlögum og öðrum kostnaðarhluta hans skv. 22. og 23. gr. uns úr hefur verið bætt.

34. gr.

Samstarfsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr. laga nr. 63/1974, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir sem gefnar eru út skv. lögum þessum áður en þær eru staðfestar. Ennfremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði sem upp kunna að koma varðandi framkvæmd laganna og reglugerða skv. þeim áður en þau koma til endanlegs úrskurðar.

35. gr.

Sveitarfélög ein sér eða fleiri saman annast rekstur grunnskóla og þeirra framhaldsskóla sem taka til náms á fyrsta og öðru ári að loknum grunnskóla og náms í sömu stofnunum í beinu framhaldi af því. Skv. þessu annast sveitarfélög rekstur þeirra skólastofnana sem starfað hafa á grundvelli laga um iðnfræðslu, svo og skólastofnana sem starfað hafa á grundvelli laga nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Verði svo um samið milli ríkis og sveitarfélags tekur það við rekstri almennra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú, þ. e. menntaskóla, héraðsskóla og hússtjórnarskóla.

Stofn- og rekstrarkostnaður þessara skóla skiptist milli ríkis og sveitarfélaga skv. lögum þessum.

Heimilt skal með samningum að sameina tvær eða fleiri af framangreindum stofnunum.

36. gr.

Ríkið annast rekstur annarra framhaldsskóla en um getur í 35. gr., þ. e. framhaldsskóla sem einkum eru fyrir sérhæft nám á þriðja og fjórða ári eftir grunnskóla, eins þótt þá skóla sæki að hluta nemendur á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans.

Ríkissjóður ber stofnkostnað og rekstrarkostnað þessara skóla að frátöldu jöfnunargjaldi vegna nemenda á fyrsta og öðru námsári, sbr. 26. gr.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflíð skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggja áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við megin stefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra, svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

38. gr.

Verði ekki samið við sveitarfélög um að þau taki við rekstri framhaldsskóla sem ríkið rekur nú og nefndir eru í 35. gr. skal rekstur þeirra vera áfram í umsjá ríkisins. Það sveitarfélag, sem skólinn er í, skal í því tilfalli taka þátt í kostnaði af viðhaldi og endurnýjun tækja og búnaðar með sama hætti og væri það rekstraraðili.

Séu nemendur á 1. og 2. námsári skóla, sem um ræðir í þessari grein, að minna en $\frac{3}{5}$ úr því sveitarfélagi þar sem skólinn er skal hluti þess í viðhaldi og endurnýjun ákveðinn með sama hætti og kveðið er á um í síðustu málsgrein 7. gr.

Verði gert samkomulag við sveitarfélag um stækkun skóla eða meiri háttar stofnkostnaðarframkvæmdir fer um þær eftir ákvæðum 7. gr.

39. gr.

Ef húsnæði, sem ríki og sveitarfélag hafa byggt sameiginlega til skólahalds fyrir nemendum á grunnskólaaldri, er tekið til reksturs framhaldsskóla skal eignaraðild breytt með samkomulagi aðila til samræmis við það er verða myndi ef húsnæði væri byggt af aðilum sameiginlega fyrir framhaldsskóla.

Húsnæði, sem byggt hefur verið til skólahalds fyrir nemendum á framhaldsskólaaldri, verður áfram í eigu þess eða þeirra aðila er greiddu stofnkostnað meðan það er nýtt til framhaldsskóla.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda frá 1. janúar 1984 að telja. Ákvæði 15.—18. gr. koma til framkvæmda frá upphafi skólaárs 1983/1984 en að öðru leyti fer um uppgjör skólakostnaðar á árinu 1983 eftir fyrri lagaákvæðum, sbr. þó næstu mgr.

Ákvæði laganna um skiptingu stofnkostnaðar koma þegar til framkvæmda. Stofnkostnaður, sem fallið hefur á fram að gildistöku, skal gerður upp eftir eldri lögum.

42. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 49/1974 um skólakostnað, XIV. kafli (76.—86. gr.) laga nr. 63/1974 með áorðnum breytingum um grunnskóla, svo og önnur lagaákvæði sem ekki samrýmast ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Ekki hefur náðst samkomulag um að flytja þetta frumvarp sem stjórnarfrumvarp, en ég tel rétt að bera það fram til kynningar.

Um skólarekstur í samvinnu ríkis og sveitarfélaga gilda nú hin margvíslegustu lagaákvæði, lög nr. 41/1955, 49/1967, 14/1973, 63/1974, auk einstakra ákvæða í öðrum lögum, svo sem í lögum um iðnfræðslu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll lagaákvæði, sem varða fjármálahlíð skóla, sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum, verði nú sameinuð í einni löggjöf. Ekki er að efa að ein heildarlöggjöf um skólakostnað mun gera stjórnun og meðferð fjármála skóla til muna einfaldari en verið hefur og væntanlega einnig eyða ýmsu misræmi sem verið hefur á því sviði milli sveitarfélaga og milli skólategunda. Löggjöf sú, sem frumvarp þetta fjallar um, tekur fyrst og fremst til hins almenna skólakerfis, þ. e. reglulegrar skólastarfsemi sem rekin er af ríki og sveitarfélögum. Utan hennar liggur ýmis starfsemi sem ekki fer fram innan þeirra stofnana sem almennt eru kallaðar grunnskólar eða framhaldsskólar. Er þar um að ræða skólastarfsemi svo sem tónlistarskóla og ýmsa fullorðinsfræðslu, námskeiðshald af ýmsu tagi o. s. frv. Löggjöf samkvæmt frumvarpi þessu tekur ekki til slíkra þátta og er gert ráð fyrir að löggjöf um þau atriði haldist óbreytt eða um þau verði sett ný og sérstök lagaákvæði.

Áður en vikið er að einstökum greinum í þessu frumvarpi skal hér gerð grein fyrir þeim meginatriðum sem einkenna frumvarpið. Að því er grunnskóla varðar er leitast við að hreyfa sem minnst við meginatriðum en þó eru gerðar nokkrar breytingar er til einföldunar þóttu horfa og nauðsynlegar, m. a. til að breyta skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Varðandi grunnskóla er gert ráð fyrir eftirfarandi:

1. Stofnkostnaðarákvæði laga nr. 49/1967 um skólakostnað haldast óbreytt að mestu. Þó er gerð lítils háttar breyting á hlutdeild ríkis í byggingu heimavista og kennaraíbúða.
2. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði kennslulaun en felld eru niður hámarksákvæði um kenndar stundir á nemanda. Í stað þeirra koma ákvæði um stundafjölda sem er miðaður við námskrá og þá skipun í bekkjardeildir sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla.
3. Ríkið greiði laun skólastjóra og annarra stjórnenda sem það ræður að skólunum og ákveður það kennsluskyldu þeirra.
4. Ríkið greiði allan kostnað við fræðsluskrifstofur og sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Er hér um þá breytingu að ræða að hingað til hefur verið gert ráð fyrir því að sveitarfélög greiddu helming kostnaðar við mestan hluta þessarar starfsemi.
5. Gert er ráð fyrir að ríkið ráði starfsfólk að skólasöfnum og greiði laun þeirra.
6. Ríkið greiði ákveðið framlag á nemanda í grunnskóla er komi m. a. í stað þess framlags sem ríkið hafði áður greitt til starfa á skrifstofu og vegna félagsstarfa.

7. Ríkið greiði eins og áður umsjón með nemendum í heimavist og launakostnað í mötuneytum skyldunámsnemenda í heimavistum og heimanakstri.
8. Þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði nemenda lækki úr 85% í 80% í dreifbýli og úr 50% í 40% í þéttbýli.
9. Ríkið greiði hluta viðhaldskostnaðar, sem það greiðir ekki nú, og húsaleigu.
10. Annan rekstrarkostnað en þann sem sérstaklega er tilgreindur greiða sveitarfélög án þátttöku ríkissjóðs.
11. Veigamestu breytingarnar varðandi grunnskólann eru þær að aftur er tekin upp þátttaka ríkis í viðhaldskostnaði og að rekstur fræðsluskrifstofa og sálfræði- og ráðgjafarþjónustu er alveg tekinn á ríkið. Á móti er þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði lækkuð lítið eitt. Aðrar breytingar skipta litlu eða engu fjárhagslega en eru til einföldunar og hagræðingar.

Að því er framhaldsskóla varðar er meira um nýmæli, enda hefur þar ekki verið til að dreifa neinni heildarlöggjöf um fjármál framhaldsskólanna. Í meginatriðum er gert ráð fyrir því að sveitarfélög annist rekstur framhaldsskóla sem taka til almenns náms á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans og eins náms í sömu stofnunum þótt það sé á þriðja og fjórða ári. Ríkissjóður greiði hins vegar í formi fjárframlaga á nemanda og með þátttöku í ákveðnum kostnaðarliðum verulegan hluta af rekstrarkostnaði þessara skóla og er þá miðað við að hluti ríkisins í kostnaði við fyrsta og annað námsárið verði svipaður því sem gerist í grunnskólum en hins vegar miðað við að ríkissjóður greiði allan kostnað vegna síðari námsáranna. Þetta fyrirkomulag taki til framhaldsdeilda við grunnskóla, iðnskóla, menntaskóla og fjölbrautaskóla. Ekki er þó gert ráð fyrir að sveitarfélög taki við rekstri allra þeirra skóla sem nú starfa og falla undir þessa upptalningu því að í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að skólar þessir geti haldist áfram í rekstri ríkisins ef ekki er af hálfu viðkomandi sveitarfélaga óskað eftir að taka við rekstri þeirra.

Aðra skóla en að framan hefur verið fjallað um mun ríkissjóður reka áfram og það eins þó að í þeim séu í sumum tilvikum nemendur á fyrsta og öðru námsári framhaldsskólans.

Til þess að jafna að nokkru greiðslubyrði milli sveitarfélaga innbyrðis, þ. e. þeirra sem reka framhaldsskóla samkvæmt framanskráðu og hinna sem ekki gera það, er gert ráð fyrir að sérstakt jöfnunarframlag verði greitt úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir að framlag þetta greiðist vegna allra nemenda á fyrsta og öðru ári svo fremi að þeir sækji ekki framhaldsskóla á vegum eða í rekstrarumsjá síns lögheimilissveitarfélags. Jöfnunarframlagið yrði tekið af framlagi jöfnunarsjóðs til þessara sveitarfélaga og greitt þeim aðila sem rekur þann skóla sem nemandinn sækir á fyrsta og öðru ári.

Meginatriði varðandi hlutdeild ríkis í rekstrarkostnaði framhaldsskóla, sem sveitarfélög eru aðilar að, eru þessi:

1. Af stofnkostnaði vegna nemenda á fyrsta og öðru ári greiði ríkissjóður 60% nema þegar um er að ræða kennsluverkstæði fyrir verknámsskóla iðngreina þar sem gert er ráð fyrir að hluti ríkissjóðs verði 80% af stofnkostnaði. Vegna þriðja og fjórða námsárs er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað. Þar sem rekinn er framhaldsskóli sem er fyrir allt skólastigið, þ. e. 1.—4. námsár, er gert ráð fyrir jafnaðarprósentu í stofnkostnaði, 70%, sem gildir þá fyrir allan stofnkostnað slíks skóla.
 2. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði öll kennslulaun, laun skólastjórnenda og laun bókavarda með sama hætti og í grunnskólum.
 3. Gert er ráð fyrir að viðhald og húsaleiga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.
 4. Hluti ríkis í öðrum rekstrarkostnaði þeirra skóla, sem sveitarfélög veita forstöðu, verði með þeim hætti að ríkið greiði ákveðin framlög á hvern nemanda, mishá eftir því hvort um væri að ræða nemanda á fyrsta og öðru ári eða á síðari árum.
- Um nemendur á fyrsta og öðru ári mundu gilda hliðstæð ákvæði og um nemendur í

grunnskóla en framlög vegna nemenda á síðari námsárum yrðu miðuð við að þau stæðu að fullu undir rekstrarkostnaði vegna þessara nemenda.

5. Þá er gert ráð fyrir að með sérstökum framlögum jafni ríkissjóður kostnað sveitarfélaga vegna nemenda sem dvelja í heimavistum og nemenda sem eru á skólaverkstæðum. Gert er ráð fyrir heimild til að ákveða í reglugerð jöfnunarframlag vegna mjög mismunandi orkukostnaðar eftir því hvort um er að ræða jarðhitasvæði eða ekki.

Breytingar þessar varðandi framhaldsskólann eru ekki eins miklar og ætla mætti við fyrstu sýn. Kemur þar til að sveitarfélög eru nú þegar þátttakendur í rekstri nær allra framhaldsskóla sem undir samrekstrarákvæðin falla, þ. e. framhaldsdeilda, iðnskóla og fjölbrautaskóla. Eina viðbótin er rekstur menntaskólanna sem þau tækju þátt í með sama hætti og í rekstri fyrrnefndu skólanna. Er hér um að ræða fáar stofnanir og þær tiltölulega einfaldar í rekstri og hlutfallslega ódýrar. Meginbreytingin er fólgin í einfaldari og skýrari ákvæðum um hluta ríkisins, færri kostnaðarliðum en áður er skipt milli ríkis og sveitarfélaga en reynt að fylgja þeirri meginreglu að ákvörðun og kostnaðarbyrði fylgist að. Samkvæmt því ákveður menntamálaráðuneytið og ræður í störf við stjórnun, kennslu og við bókasöfn og greiðir þann kostnað að fullu. Til almenns rekstrar leggur ríkið fram ákveðna fjárhæð á nemanda en sveitarfélögin sem rekstraraðili stjórna þessum þáttum starfseminnar og bera kostnað sem er umfram ríkisframlagið. Viðhald og húsaleiga lýtur sameiginlegri ákvörðun og sömu ákvæðum um kostnaðarskiptingu og gilda um stofnkostnað.

Með greinargerðinni eru töflur og yfirlit yfir nemendafjölda í framhaldsskólum og þau áhrif sem frumvarp þetta mun hafa á greiðslubyrði og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga ef það nær fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi kveður á um gildissvið laganna, þ. e. fjármál grunnskóla og framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði laganna taki til framhaldsskóla sem reknir eru af ríkinu einu. Er hér meðal annars átt við ákvæði um kennslustundafjölda og ákvæði um jöfnunargjald sem samkvæmt þessu greiðist einnig vegna nemenda á fyrsta og öðru námsári sem stunda nám í skólum sem ríkið rekur eitt eða kostar að mestu leyti svo sem Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, en um þá er fjallað í 37. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði í grunnskóla lögum og ákvæði sem var í lögum um skólakostnað en þau lög eru að mjög verulegu leyti lögð til grundvallar þessu lagafrumvarpi.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum laga um skólakostnað en aðeins ítarlegri að því er tekur til áætlanagerðar um forsendur fyrir skólabyggingum. Er það gert m. a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af ákvæði þessu varðandi grunnskóla, en það hefur sýnt sig að of lítið hefur verið hugað að áætlunum til lengri tíma um skólabyggingarþörf í einstökum skólahverfum sem leitt hefur til óþarfrar fjárfestingar á einum stað meðan skortur hefur verið á öðrum stöðum. Einnig er nauðsynlegt að ákvæði þessi séu ítarlegri fyrir framhaldsskólann en verið hefur þar sem ekki liggur eins ljóst fyrir um fram-tíðarþörf hans og að því er grunnskóla varðar.

Um 5. gr.

Eins og í lögum um skólakostnað og grunnskólalögum er hér gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ráði sérfræðinga til hönnunar skólamannvirkja. Nýmæli er að kveðið er á um að gerðir verði samningar við hönnuði. Er það gert í ljósi þess að á undanförunum árum hefur nokkuð oft komið til ágreinings um þessi mál og ljóst virðist að sveitarstjórnarmönnum er ekki ætíð kunnugt um þá skilmála sem hönnuðir ganga út frá þegar þeir taka að sér verk.

Um 6. gr.

Efni tveggja fyrstu málsgreina er óbreytt frá gildandi ákvæðum og svo er einnig um heimild til þess að kosta úr ríkissjóði að hluta borun eftir vatni þar sem sérstaklega stendur á. Nýmæli er hins vegar ákvæði um hvernig með skuli fara sé árangur af borun meiri en þörf er á fyrir skólann einan og möguleiki að virkja vatn til afnota fyrir aðra. Er þá gert ráð fyrir að um tvo kosti sé að velja. Annars vegar að sveitarsjóður kaupi ríkið út úr framkvæmdunum með því að endurgreiða með fullri verðtryggingu kostnað ríkissjóðs af boruninni eða hins vegar að tekjur af vatnssölu til annarra renni í ríkissjóð í hlutfalli við þátt hans í borunarkostnaði.

Um 7. gr.

Í grein þessari er kveðið á um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir að um greiðslur úr ríkissjóði gildi í meginatriðum sömu reglur og verið hafa frá 1967, það er að hluti ríkissjóðs verði fast verðtryggt framlag á hvern fermetra í húsnæði og miðist framlagið við ákveðinn hundraðshluta af áætluðum byggingarkostnaði. Gert er ráð fyrir að viðmiðunartölur fyrir kostnaðaráætlanir verði ákveðnar í reglugerð eins og verið hefur, sbr. 4. grein.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á hlutdeild ríkissjóðs í byggingum fyrir grunnskóla að öðru leyti en því að hlutdeild ríkis í heimavistarhúsnæði verði 85% í staðinn fyrir allt að 100% áður og í íbúðarhúsnæði fyrir kennara 50% til 75% í stað 75% eingöngu áður.

Rök fyrir því að lækka þetta hlutfall nú eru þau að hið háa hlutfall í heimavistarhúsnæði og kennarabústöðum hefur leitt til þess að mikil ásókn hefur verið í að byggja húsnæði af þessari tegund, jafnvel þó að þörf fyrir það hafi ekki verið brýn, og hefur það leitt til þess að bygging kennsluhúsnæðis hefur verið látin sitja á hakanum. Áhrif af þessari breytingu verða þó væntanlega óveruleg þar sem ekki er fyrirsjáanleg þörf á byggingu heimavistarhúsnæðis við grunnskóla svo neinu nemi.

Að því er framhaldsskóla varðar er gert ráð fyrir að vegna fyrsta og annars árs framhaldsskólans verði hluti ríkisins 60% af áætluðum stofnkostnaði. Vegna nemenda á þriðja og síðari námsárum verði hluti ríkissjóðs hins vegar 100%. Frávik frá framangreindri reglu er verknámsaðstaða iðngreina, þ. e. skólaverkstæði þar sem fram fer helmingur eða meira af kennslu nemenda í verknámsskólum. Ástæðan til þess að sérákvæði er haft um verknámsaðstöðu iðngreina er sú að í húsnæði þessu þarf til muna meira rými á hvern nemanda en í venjulegu kennsluhúsnæði. Að jafnaði má gera ráð fyrir að húsnæðisþörf á nemanda í þessu námi sé helmingi meiri en í bóklegu námi. Sama gildir um aðrar námsbrautir sem sambærilegar eru að þessu leyti.

Í stað þess að ákveða hluta ríkisins í stofnkostnaði eftir aldursflokkum, sbr. framangreint, er einnig heimilt að miða við ákveðinn hundraðshluta af öllum stofnkostnaði þegar um er að ræða skóla sem taka til allra aldursflokka framhaldsskólans. Það hlutfall, sem hér er miðað við, 70%, er nokkru hærra en gera má ráð fyrir að náist að jafnaði með skiptingu milli fyrsta og annars árs annars vegar og þriðja og fjórða árs hins vegar. Er því líklegt að í flestum tilvikum verði þessi leið valin.

Ákvæði þessarar greinar um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði framhaldsskóla taka til alls þess húsnæðis sem viðurkennt er sem hluti viðkomandi skóla.

Um 8. gr.

Í greininni er nánari skilgreining á því sem telst til stofnkostnaðar og ákvæði um að meiri háttar breytingar og viðbætur á eldra húsnæði skuli teljast til stofnkostnaðar og greiðast samkvæmt þeim ákvæðum. Einnig er hér að finna ákvæði um verðtryggingu á stofnkostnaðarframlögum ríkissjóðs.

Öll ákvæði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í nágildandi lögum.

Um 9.—13. grein

Ákvæði þessara greina eru öll efnislega hin sömu og nú eru í lögum um skólakostnað. Lítils háttar breyting er gerð á ákvæðum 11. greinar um greiðslu á framlagi ríkissjóðs með hliðsjón af fenginni reynslu.

Um 14. gr.

Grein þessi er stefnumarkandi að því leyti að hún kveður á um greiðsluskyldu ríkissjóðs á launum allra þeirra starfsmanna, þ. e. stjórnenda, kennara, bókavarda og starfsmanna við sálfræðipjónustu og námsráðgjöf, sem ríkið ræður til kennslu og uppeldislegra starfa. Þær breytingar felast í þessu frá nágildandi ákvæðum að samkvæmt þessu greiðir ríkissjóður að fullu laun starfsmanna fræðsluskrifstofa þ. m. t. störf við sálfræðipjónustu og námsráðgjöf, en í grunnskólalögunum var gert ráð fyrir að þessi kostnaður skiptist til helminga milli ríkis og sveitarfélaga. Þá er sú breyting að gert er ráð fyrir að ríkið ráði fólk til starfa í bókasafni og greiði laun þess en áður var sá háttur á að ríkið greiddi framlag til sveitarfélaga sem réðu starfsfólk til þessara starfa. Þá er kveðið á um að ríkið greiði allan kostnað af störfum fræðslustjóra, svo og annan rekstrarkostnað fræðsluskrifstofa.

Um 15. gr.

Í þessari grein er nánar kveðið á um kennslukostnað á grunnskólastigi. Í stað ákvæða grunnskólalaga um kennslustundafjölda á hvern nemanda, sem voru hámarksákvæði um framlag ríkissjóðs, er hér farið inn á þá braut að ákveða hverju skólahverfi um sig þann stundafjölda til almennrar kennslu sem námskrá kveður á um fyrir hvern bekk grunnskóla. Er hér gengið út frá því að við skipun nemenda í bekkjardeildir sé miðað við 47. gr. laga um grunnskóla þegar um er að ræða samkenndu árganga en að jafnaði 24 nemendur í bekkjardeild ef einn árgangur er í deildinni. Sem meginreglu er gengið út frá því að hvert skólahverfi, sbr. 16. gr. grunnskólalaga, sé skipulagt sem ein heild. Verði hins vegar ekki unnt að koma því við að fjöldi nemenda í bekkjardeild innan sama skólahverfis sé til jafnaðar 24 vegna búsetu nemenda og staðsetningar skólahúsnæðis þegar um fleiri en einn grunnskóla er að ræða í sama skólahverfi er menntamálaráðuneytinu heimilt að miða greiðslu kennslukostnaðar við færri nemendur samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, enda sé fyllstu hagskæmni gætt við skipulag skólahaldsins. Þurfi skóli af einhverjum ástæðum að hafa nemendafjölda í bekkjardeild yfir þeim mörkum, sem fram eru sett í greininni, er gert ráð fyrir að skólinn fái fleiri kennslustundir til umræða sem hann getur notað til þess að skipta bekknum niður í smærri hópa í kennslu eða nýtt með öðrum hætti sem betur er talinn henta. Ákvæði um hámarksfjölda í bekkjardeildum eru hin sömu og í 46. gr. grunnskólalaga. Verði gerð breyting á því ákvæði verða ákvæði um nemendafjölda þessarar greinar að breytast til samræmis.

Talið er að með þessum breytingum verði ákvörðun stundafjölda til muna einfaldari en nú er og niðurstaðan réttlátari þar sem tryggt er að í öllum tilvikum fái skólarnir til ráðstöfunar kennslustundafjölda í samræmi við ákvæði grunnskólalaga um bekkjarskipan í skólum og um fjölda kennslustunda í einstökum bekkjum. Svokallaður kennslukvóti hefur undanfarið ár þjónað litlum tilgangi öðrum en að byggja á honum ákvörðun um stundafjölda til stjórnunarstarfa, bókasafna og félagsstarfa en þar sem nú er gert ráð fyrir annarri tilhögun um þá þætti er ekki ástæða til að viðhalda honum lengur.

Í B-lið greinarinnar eru ákvæði um viðbótarstundafjölda vegna verklegrar kennslu og vegna valgreina í 9. bekk grunnskóla. Ekki er hér um að ræða breytingu frá því sem nú er varðandi skiptingu í verklegri kennslu og þeim reglum sem menntamálaráðuneytið hefur gefið út um valgreinar í 9. bekk grunnskóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geti heimilað frekari skiptistundir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um ákvæði þessarar greinar er kveði nánar á um framkvæmd.

Um 16. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan launakostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi. Er þá gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði kennsluskipan og setji um hana ákvæði í reglugerð. Í greininni er kveðið á um meginviðmiðun í slíkri reglugerð en þó gert ráð fyrir að tekið verði tillit til fámennra skóla, svo og nauðsynjar á kennslu á ýmsum sérhæfðum námsbrautum, þannig að kennsla við þau skilyrði falli að öllu leyti á ríkissjóð jafnvel þó að víkja þurfi frá hinum almennu viðmiðunarreglum. Þar sem kennsluskipan á framhaldsskólastigi er miklu fjölbreytilegri en í grunnskólum er ekki talið unnt að setja jafnánkvæm ákvæði um kennslustundafjölda þar og á grunnskólastigi. Þær tölur, sem gengið er hér út frá sem meginviðmiðun, eru hliðstæðar því sem nú gerist í sæmilega vel skipulögðum og reknum framhaldsskólum og virðist ekki ástæða til að gera ráð fyrir að breyta þurfi frá þeim.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ýmsan kennslukostnað sem ríkissjóður greiðir auk almennrar kennslu sem kveðið er á um í 15. og 16. grein. Hér er um að ræða sjúkra- og forfallakennslu, svo og sérkennslu nemenda sem falla undir ákvæði tilgreindra greina í grunnskólalögum. Þá er í þessari grein gert ráð fyrir sérstöku framlagi til grunnskóla í hverju fræðsluumdæmi til hjálpar- og stuðningskennslu. Gert er ráð fyrir að því verði skipt á milli skólanna eftir mati á þörfum þeirra til slíkrar þjónustu eða notað til sameiginlegrar þjónustu, þ. e. til að launa sameiginlega starfskrafta á þessu sviði.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðslu ríkissjóðs á launum safnvarða og ákvæði um að hvaða marki ráðning sé heimil. Að því er grunnskóla varðar er um áþekkt starfsmagn að ræða og gert er ráð fyrir í lögum um grunnskóla. Samkvæmt þessu hefur grunnskóli með þrískiptan árgang yfir að ráða einni stöðu í bókasafnstörf og aðrir skólar hlutfallslega. Framhaldsskólar með um 500 nemendur gætu ráðið bókavörð í fullt starf og aðrir skólar hlutfallslega.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Um 20. gr.

Ákvæði þessi eru óbreytt frá þeim ákvæðum sem nú eru í gildi og eins og áður er gert ráð fyrir að mötuneyti nemenda í framhaldsskólum sé opinberum aðilum óviðkomandi.

Um 21. gr.

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla eru ákvæði þess efnis að framhaldsskólar geti tekið þátt í fullorðinsfræðslu svo sem nánar er kveðið á um í lögum (ákv. 15. og 16. gr.). Meðal annars er gert ráð fyrir að skólarnir geti haldið uppi námskeiðum sem miðist við það kennsluefni sem skólarnir bjóða upp á í reglulegu starfi en kennslu hagað í samræmi við þarfir fólks sem komið er af venjulegum framhaldsskólaaldri og vill ljúka þessu námi án þess

að setjast á skólabeck sem reglulegir nemendur. Er hér um að ræða skólastarf áþekkt því sem verið hefur í svokölluðum öldungadeildum á síðustu árum. Hér er gert ráð fyrir að rekstraraðilar skólanna greiði rekstrarkostnað annan en laun eftir venjulegum reglum en kennslulaun skiptist á ríki, sveitarfélög og nemendur að jöfnu.

Um 22. gr.

Í grein þessari er kveðið á um hluta ríkissjóðs í rekstri grunnskóla umfram kennslulaunakostnað sem áður hefur verið fjallað um. Í a-lið greinarinnar er kveðið á um rekstrarframlag sem greiðist vegna allra nemenda en það kemur í stað sérgreindra framlaga sem ríkissjóður hefur greitt vegna skrifstofustarfa í skólum og vegna starfa að félagslífi. Gert er ráð fyrir að greiðsla þessi gangi að hluta til þess að standa undir kostnaði af félagsstörfum í skólum. Framlag þetta er ákveðið þannig að miðað er við að á hvern skóla komi 150 stundir á ári og að auki 2,5 stundir á nemanda. Laun á hverja stund eru miðuð við meðallaunaflokk kennara að viðbættum launatengdum gjöldum. Framlag þetta breytist síðan í samræmi við launabreytingar, sbr. ákvæði 25. gr. Þá er gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna nemenda í heimavistum sem ætlað er til jöfnunar á kostnaði, einkum kostnaði af viðhaldi, sbr. b-lið í þessari grein.

Hluti ríkissjóðs í aksturskostnaði er hér ákveðinn nokkru lægri en nú er í lögum, þ. e. 40% í stað 50% í þéttbýli og 80% í stað 85% í dreifbýli.

Tilgangur breytinganna er annars vegar sá að veita nokkuð á móti auknum hlut ríkis í viðhaldskostnaði og eins til að gera sveitarfélög ábyrgari varðandi framkvæmd aksturs sem er orðinn mjög stór hluti af rekstrarkostnaði grunnskóla. Í c-lið er ekki um breytingu að ræða en í d-lið er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki þátt í viðhaldi skólahúsnæðis og endurnýjun búnaðar og tækja. Miðað er við að þátttaka í viðhaldi og endurnýjun verði 50% bæði í skólahúsnæði og heimavistum en reiknað með að framlag vegna heimavista, sbr. a-lið, vegi upp hlutfallslega meira viðhald í heimavistarskólum. Einnig skal bent á að gert er ráð fyrir að til sveitarfélaga renni allar leigutekjur af skólahúsnæði, þar á meðal tekjur af heimavistar-skólum þar sem þeir eru notaðir til veitinga- og gistirekstrar yfir sumarið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til nemenda í framhaldsdeildum sem reknar eru í tengslum við grunnskóla, enda er ekki gert ráð fyrir að hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði vegna nemenda á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans sé með öðrum hætti en í grunnskóla, sbr. og 23. gr.

Um 23. gr.

Í þessari grein er að finna hliðstæð ákvæði og í 22. grein en nú gilda þau um framhaldsskóla. Ákvæði þessi eru öll nýjung og miðast við það að auðvelt sé að ákveða og afgreiða hluta ríkissjóðs í rekstri þeirra framhaldsskóla sem sveitarfélögin starfrækja. Fjárhæð framlaganna er miðuð við það að kostnaður ríkissjóðs af nemendum á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans sé svipaður og hann er vegna nemenda í grunnskóla en hins vegar miðað við að allur kostnaður nemenda á þriðja og síðari námsárum falli á ríkissjóð. Fjárhæðir þessar voru fundnar með athugun og greiningu á rekstrarkostnaði ársins 1979 og síðan hækkaðar með tilliti til almennra verðbreytinga fram til 1. janúar 1981 og var þá miðað við vísitölu neysluvöruverðs, sbr. rit Seðlabanka Íslands. Hagtölur mánaðarins, mars 1981. Auk hinna almennu framlaga, sem fjallað er um í a- og b-liðum greinarinnar, er í c- og d-liðum gert ráð fyrir sérstökum framlögum vegna nemenda í heimavist og vegna nemenda sem stunda nám á skólaverkstæðum. Með þessum framlögum er ætlast til að náð verði jöfnuði í kostnaði milli skóla sem starfa við mismunandi aðstæður.

Þá er í e-lið heimild til að ákveða sérstakt rekstrarframlag til skóla sem eru utan jarðhitasvæða. Er það einnig gert í þeim tilgangi að jafna kostnað. Í f- og g-liðum er að finna ákvæði um endurgreiðslu ríkissjóðs á leigu og viðhaldi og endurnýjun húsnæðis og búnaðar.

Hundraðshluti þessi er ákveðinn með hliðsjón af hluta ríkissjóðs í stofnkostnaði skólahúsnæðis fyrir sjálfstæða framhaldsskóla. Þá er í h-lið gert ráð fyrir heimild til að greiða úr ríkissjóði hluta kostnaðar við skipulagðan akstur framhaldsskólanema.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig telja skal nemendur þegar framlög skv. 22. og 23. grein verða ákveðin.

Um 25. gr.

Eins og að framan greinir eru framlög þau, sem ákveðin eru í 22. og 23. grein, miðuð við verðlag 1. janúar 1981. Í þessari grein er kveðið á um endurskoðun þessara framlaga á fjögurra ára fresti í þeim tilgangi að tryggt verði að þau haldi verðgildi sínu með tilliti til alls kostnaðar af skólalaldi. Milli þess sem endurskoðun fer fram er gert ráð fyrir að framlög þessi verði látin fylgja verðlagsbreytingum og með þeim hætti tryggt að rekstraraðilinn, þ. e. a. s. sveitarfélagið, fái úr ríkissjóði á hverjum tíma raungildi þess kostnaðar sem það hefur lagt út en ríkissjóði ber að endurgreiða.

Um 26. gr.

Grein þessi kveður á um að framlög ríkissjóðs, sem þar um ræðir, skuli greidd mánaðarlega til sveitarfélaganna í þeim tilgangi að þau verði ekki fyrir meiriháttar skakkaföllum af völdum verðbólgu. Þetta ákvæði ásamt verðtryggingarákvæði 25. greinar er til muna viðtækari verðtrygging á rekstarkostnaðarhluta ríkissjóðs en sú sem nú er í grunnskólalögum.

Um 27. gr.

Eins og fram kemur í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélögum sé skylt að reka framhaldsskóla og auðséd að það mun verða verkefni fárra þeirra að standa fyrir slíkum rekstri.

Til þess að tryggja nokkuð fjárhagslegan jöfnuð milli sveitarfélaganna er hér ákvæði þess efnis að þau sveitarfélög, sem ekki reka framhaldsnám, greiði engu að síður kostnað vegna nemenda á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans. Gert er ráð fyrir að greiðslan renni til þeirra aðila er reka framhaldsskólana, hvort sem um er að ræða sveitarfélög eða ríki, og verði hún tekin af framlagi jöfnunarsjóðs til lögheimilissveitarfélags. Upphæð greiðslunnar er ákveðin sem mismunur á þeim framlögum sem ríkissjóður greiðir vegna nemenda á 3. og 4. ári annars vegar og því framlagi sem greitt er vegna nemenda á 1. og 2. ári. Upphæð þessi svarar því til þess kostnaðarhluta sem sveitarfélögin bera af nemendum á 1. og 2. ári. Kostnaður af viðhaldi og leigu á húsnæði er þó ekki meðtalinn og er litið svo á að þann kostnað greiði á móti ríkissjóði þau sveitarfélög þar sem framhaldsskólar eru starfandi.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að allar tekjur af húsnæði og eignum skóla renni til sveitarfélaga þar sem þau reka skólana. Þá er og ákvæði um hvernig með skuli farið þegar slíkt skólahúsnæði er lánað til íprótta-, æskulýðs- og félagsstarfsemi.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um það hvernig að viðhaldsframkvæmdum skuli staðið í þeim tilgangi að tryggja það að ríkissjóður sem eigandi að húsnæðinu að hluta og sveitarfélagið taki sameiginlega ákvörðun um viðhaldsframkvæmdir og geti með fjárveitingum tryggt það fjármagn sem til þarf.

Um 30. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum sem nú eru í grunnskólalögum og voru í lögum um skólakostnað.

Um 31. gr.

Greinin kveður á um meðferð reikningshalds og fjármála grunnskóla og er hún að efni til óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meðferð fjármála framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Er þar gert ráð fyrir að hún verði á vegum sveitarfélags eða sameiginlega á vegum fleiri sveitarfélaga reki þau sameiginlega skóla. Þó er gert ráð fyrir að unnt sé, þar sem slíkt telst hagkvæmt, að setja á laggirnar sameiginlega rekstrarstjórn fyrir framhaldsskóla í fræðsluumdæminu og færi slík sameiginleg rekstrarstjórn bæði með rekstrarmálefni þeirra skóla, sem sveitarfélög eru í forsvari fyrir, og þeirra framhaldsskóla sem ríkið annast eftir því sem nánar yrði kveðið á í samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðuneytið úrskurði kostnaðarhluta ríkissjóðs í samræmi við ákvæði laga þessara. Nauðsynlegt er að tryggja samræmda framkvæmd á skólakostnaðarlögum og því edlilegt að einum aðila sé falið úrskurðarvald í þessum efnum. Er það og í samræmi við gildandi lög. Þá er í þessari grein kveðið skýrt á um að úrskurðir á hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skóla, svo og úrskurðir um kennslulaun og aðrar launagreiðslur ríkisins vegna skólalahalds, skuli lagðar fyrir ríkisendurskoðun. Slíkt hefur ekki verið gert á undanförunum árum en með tilliti til þess hversu skólarekstur er orðinn stór hluti ríkisútgjalda þykir rétt að tryggt sé eftirlit ríkisendurskoðunar með þessum þætti ríkisútgjalda. Nokkur vanhöld hafa verið á því á undanförunum árum að sveitarfélög hafi staðið í skilum með reikningshald grunnskóla. Er því í greininni sett ákvæði sem ætlað er að tryggja betri skil en verið hafa.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði sem nú er í lögum um grunnskóla og gerir ráð fyrir samstarfsnefnd milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga um fjárhagslega framkvæmd þessara laga.

Um 35. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvaða skólastofnanir sveitarfélög eða samtök þeirra reki. Auk grunnskóla er þar um að ræða iðnskóla og fjölbrautaskóla en þessar skólategundir hafa sveitarfélög rekið fram að þessu. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög yfirtaki rekstur menntaskóla, héraðsskóla og hússtjórnarskóla eftir því sem samningar um slíka breytingu verða gerðir. Hins vegar er þeim ekki gert skylt að yfirtaka rekstur þessara skóla, sbr. ákvæði 38. greinar.

Um 36. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að ríkið annist rekstur allra framhaldsskóla annarra en þeirra sem 35. grein fjallar um. Hér er um að ræða alla sérskóla sem ríkið hefur rekið hingað til að undanskildum menntaskólum, héraðsskólum og hússtjórnarskólum sem fjallað er um í 35. gr. og 38. gr. Samkvæmt þessari grein mun ríkið því annast rekstur sérskóla eins og vélskóla, stýrimannaskóla, hjúkrunarskóla, bændaskóla, tækniskóla, fiskvinnsluskóla, hótél-

og veitingaskóla, fósturskóla og annarra skóla fyrir sérhæft nám og nám sem fyrst og fremst fer fram á síðari hluta framhaldsskólastigsins. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á rekstrartilhögun skóla sem hingað til hafa verið reknir sem nokkurs konar sjálfseignarstofnanir með framlagi frá ríki og sveitarfélagi, svo sem Myndlista- og handíðaskólinn og Tónlistarskólinn í Reykjavík, eftir því sem nánar er ákveðið í sérlægum um þá.

Um 37. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 51/1976 um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi en þau lög munu falla úr gildi samkvæmt frumvarpi til laga um framhaldsskóla.

Um 38. gr.

Grein þessi kveður á um hvernig með skuli fara ef sveitarfélag tekur ekki við rekstri þeirra almennu framhaldsskóla (menntaskóla, héraðsskóla, hússtjórnarskóla) sem ríkið rekur nú. Í þeim tilfellum heldur ríkið áfram rekstri skólanna en á viðkomandi sveitarfélag leggst sama greiðslubyrði vegna viðhalds og endurnýjunar kostnaðar og lagst hefði á það ef það hefði tekið að sér reksturinn. Þó er gert ráð fyrir að í sveitarfélögum, sem að litlu leyti senda nemendur í skólann, verði þessi greiðslubyrði takmörkuð með hliðsjón af fjölda nemenda úr sveitarfélaginu.

Skv. kostnaðarákvæðum frumvarpsins munu öll sveitarfélög taka þátt í kostnaði við framhaldsskóla að lágmarki með greiðslu jöfnunargjalds en þau sveitarfélög, sem þannig eru í sveit sett að unnt er að starfrækja framhaldsnám, greiða fyrir þá sérstöðu með því að taka á sig kostnað af viðhaldi á móti ríkissjóði.

Í þeim tilvikum, er heimaaðilar og ríkissjóður verða ásáttir um stækkun húsnæðis þeirra skóla sem hér um ræðir og hafist er handa um meiriháttar stofnkostnaðarframkvæmdir, þykir eðlilegt að gerður sé samningur milli þessara aðila um fjármögnun framkvæmdanna. Um skiptingu kostnaðar færi eftir ákvæðum 7. gr. ef af samningum verður.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um hvernig farið skuli með það skólahúsnæði sem byggt hefur verið fyrir gildistöku laganna en notað verður til skólahalds á framhaldsskólastigi. Annars vegar er gert ráð fyrir að húsnæði, sem byggt hefur verið til framhaldsskólahalds, verði áfram til slíkra afnota, án þess að til komi nokkurt uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga og einnig gert ráð fyrir að eignaraðild haldist óbreytt frá því sem hún hefur verið. Sé hins vegar grunnskólahúsnæði tekið fyrir starfsemi framhaldsskóla, eins og nokkuð hefur verið gert á undanförunum árum, m. a. vegna breytinga á búsetu, er gert ráð fyrir að eignaraðild verði breytt til samræmis við stofnkostnaðarákvæði laganna og samið um endurgjald í samræmi við mat á verðmæti.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Gert er ráð fyrir að lögini komi til framkvæmda 1. janúar 1984 með tveimur undantekningum. Annars vegar að ákvæði laganna um kennslustundafjölda o. fl. komi til framkvæmda við upphaf skólaársins sem er skipulagstímabil skólstarfsins. Hins vegar komi ákvæði laganna um stofnkostnað til framkvæmda frá gildistökudegi. Er það gert m. t. t. þess að framkvæmdum, sem ákveðnar hafa verið á þessu ári, verði hvorki seinkað né flýtt í þeim tilgangi einum að breyta skiptingu kostnaðar milli aðila.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Um áhrif frumvarpsins á skiptingu rekstrarkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

Áhrif frumvarpsins á skiptingu rekstrarkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga eru sýnd á meðfylgjandi töflum. Skýra þær sig að mestu sjálfar og þarfnast því ekki nema stuttlegrar umfjöllunar.

Töflurnar eru unnar eftir reikningum fyrir árið 1979 sem er síðasta ár, sem reikningar liggja fyrir um. Í nokkrum tilvikum varð þó að áætla kostnað þar sem ekki höfðu verið gerð skil á reikningum grunnskóla og eins varð að áætla kostnað við framhaldsnám þar sem það fór fram í skólum sem hafa jafnframt grunnskólastig.

Um einstakar töflur skal eftirfarandi tekið fram:

Tafla I sýnir rekstrarkostnað grunnskóla 1979 og skiptingu hans eins og hún var og eins og hún hefði orðið hefðu ákvæði frumvarpsins verið í gildi þá. Hluti ríkissjóðs hefði verið um 6,8 millj. kr. hærri en hann var í reynd. Munar þar mestu um hlutdeild í viðhaldi um 6,6 millj. Aukinn hluti ríkis í rekstri fræðsluskrifstofa og sálfræðipjónustu hefði verið um 1 millj. kr. Miðað við fulla framkvæmd þessara liða eins og þeir eru ákveðnir í reglugerð yrði þessi tala allt að tvöfalt hærri.

Tafla II sýnir niðurstöður úr töflu I reiknað á íbúa eftir fræðsluumdæmum. Eins og sjá má lækkar hlutur sveitarfélaga á nemandu nokkuð við áætlaða breytingu.

Tafla III sýnir rekstrarkostnað sveitarfélaga vegna framhaldsnáms 1979 og áætlaðan hluta þeirra skv. ákvæðum frumvarpsins. Er þá miðað við að sveitarfélögin hefðu rekið auk þeirra skóla sem þau reka nú alla menntaskólana nema skólana á Laugarvatni og á Ísafirði, en kostnaður af þeim er áætlaður skv. 38. gr. frumvarpsins. Jöfnunargjöld eru meðtalin í áætlun þessari. Skv. töflunni hefði hluti sveitarfélaga í rekstri framhaldsskóla orðið um 2,5 millj. kr. hærri árið 1979 hefðu ákvæði frumvarpsins þá verið í gildi. Hækkun þessi er þó mismikil eftir umdæmum og sveitarfélögum, allt eftir því hversu mikinn eða lítinn hluta þau áttu að framhaldsskólarekstri.

Tafla IV sýnir niðurstöðu töflu III reiknað í kr. á íbúa í fræðsluumdæmi eða sveitarfélagi og sýnir að sú breyting sem frumvarpið felur í sér vegna framhaldsskóla dreifist þannig að eftir breytinguna er náð mjög viðunandi jöfnuði milli sveitarfélaga.

Tafla V sýnir samandregnar niðurstöður fyrir grunnskóla og framhaldsskóla og heildarbreytingar í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Samtals minnkar hluti sveitarfélaga í skóla-rekstri um 4 266 þús. kr. miðað við árið 1979. Verðlag frá meðaltali ársins 1979 til ársbyrjunar 1982 hefur u. þ. b. þrefaldast. Miðað við verðlag í ársbyrjun 1982 er tilfærsla þessi því 13 milljónir króna.

Tafla I
Rekstrarkostnaður grunnskóla árið 1979 samkvæmt reikningum sveitarfélaga og ríkisbók-
halds (þús. nýkr.)

	Kostnaður 1979			Tilfærslur			Kostn. 1979 eftir tilfærslur		
	Heildar- kostn.	Hl. ríkis	Hl. sv.fél. %	Viðhald	Akstur og tryggingar	Fræðslu- skrifst. +sálfr.þj.	Tilf. samtafs	Hl. ríkis	Hl. sv.fél. %
Grunnskólar									
Reykjavík	59 521	40 841	69	2 384	+137	692	2 939	43 780	74
Reykjanes	42 061	28 432	68	1 287	+193	114	1 208	29 640	70
Vesturland	14 777	10 433	71	460	÷75	39	424	10 857	73
Vestfirðir	9 193	6 893	75	288	+34	8	262	7 155	78
Norðurl. v.	10 777	8 303	77	233	+78	32	187	8 490	79
Norðurl. e.	24 131	17 558	73	836	+96	54	794	18 352	76
Austurland	12 712	9 319	73	425	+63	37	399	9 718	76
Suðurland	20 313	14 481	71	690	+135	20	575	15 056	74
	193.485	136 260	70	6 603	+811	996	6 788	143 048	74

Skýringar á tilfærslum:

Viðhald 50%

Aksturskostnaður 5% tilfærsla í dreifbýli, 10% í þéttbýli

Tryggingar, hlutur ríkissjóðs í þeim kostnaði

Framlög sveitarfélaga samkv. uppgjöri fræðslustjóra 1979.

Tafla II

Kostnaður við rekstur grunnskóla á íbúa eftir fræðsluumdæmum 1979 (í nýkr.)

	Íbúafjöldi 1. des 1981	Kostn. á íbúa samt.	Kostnaður á íbúa			
			Samkvæmt reikn. 1979.		Eftir frumvarpi.	
			Ríki	Sveitarfélag	Ríki	Sv. fél.
Reykjavík	84 469	705	484	221	518	187
Reykjanes	52 430	802	542	260	565	237
Vesturland	14 962	987	697	290	725	262
Vestfirðir	10 518	874	655	219	680	194
Norðurland vestra ..	10 713	1 006	775	231	792	213
Norðurland eystra ..	25 890	932	678	254	709	223
Austurland	12 940	982	720	262	751	231
Suðurland	19 656	1 033	737	296	766	267
Meðaltal á íbúa (allt landið)		836	588	247	618	218
Íbúar alls	231 578					

Tafla III

Kostnaður sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla 1979 samkvæmt reikningum og áætlað samkvæmt frumvarpi.

	Kostn. sveitarf. 1979 þús.kr.	Áætl. samkv. frumv. þús.kr.	Mismunur þús.kr.
Framhaldsskólar:			
Reykjavík	3 850	3 808	+42
Reykjanes	1 940	2 237	÷297
Vesturland	638	739	÷101
Vestfirðir	100	460	÷360
Norðurland vestra ..	109	389	+280
Norðurland eystra ..	546	1 198	+652
Austurland	77	477	+400
Suðurland	222	696	+474
	7 482	10 004	÷2 522

Tafla IV

Kostnaður sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla 1979 á íbúa samkvæmt reikningum og áætlun samkv. frumvarpi.

Framhaldsskólar eftir umdæmum	Fjöldi íbúa 1. des. 1981	Kostn. sveitarfél. á íbúa 1979 samkv. reikn. (nýkr.)	Kostn. á íbúa samkv. ákv. frumv. (1979 nýkr.)
Reykjavík	84 469	45,58	45,08
Reykjanes	52 430	37,00	42,66
Vesturland	14 962	42,64	49,39
Vestfirðir	10 518	9,50	43,37
Norðurland vestra	10 713	10,17	36,31
Norðurland eystra	25 890	21,09	46,27
Austurland	12 940	5,95	36,86
Suðurland	19 656	11,29	35,41
Meðaltalskostn. á íbúa (allt landið)		32,31	43,20
Íbúar samtals	231 578		


Tafla V

Rekstrarkostnaður grunn- og framhaldsskóla samkvæmt reikningum 1979 og áætlun samkvæmt frumvarpi. Tilfærslur milli ríkis og sveitarfélaga.

	Grunnskóli þús. kr.	Framhaldsskóli þús. kr.	Mismunur útgjaldaauki ríkissjóðs þús. kr.
Reykjavík	2 939	42	2 981
Reykjanes	1 208	÷297	911
Vesturland	424	÷101	323
Vestfirðir	262	÷360	÷98
Norðurland vestra	187	÷280	÷93
Norðurland eystra	794	÷652	142
Austurland	399	÷400	÷1
Suðurland	575	÷474	101
Samtals	6 788	÷2 522	4 266

Fylgiskjal II.

Kostnaðarskipting samkvæmt frumvarpi til laga um skólakostnað



FRAMHALDSSKÓLI

